



Borgarráð

***Beiðni Mosfellsbæjar vegna heimahjúkrunar og heimaþjónustu velferðarsviðs  
Reykjavíkurborgar***

Hjálagt svarbréf, dags. 9. október 2023, við beiðni Mosfellsbæjar vegna heimahjúkrunar og heimaþjónustu velferðarsviðs er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Beiðni Mosfellsbæjar vegna heimahjúkrunar og heimaþjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 16. ágúst 2023

Umsögn velferðarsviðs, dags. 12. september 2023

Svar Reykjavíkurborgar við beiðni Mosfellsbæjar vegna heimahjúkrunar og heimaþjónustu velferðarsviðs  
Reykjavíkurborgar, dags. 9. október 2023

Dagur B. Eggertsson  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 16. ágúst 2023  
Erindi nr. 202306162/- SF

**Efni: Beiðni vegna heimahjúkrunar og heimaþjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar**

Þann 8. júní sl. auglýsti félags- og vinnumarkaðsráðuneytið eftir samstarfi við sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir sem hafa áhuga á að vinna að þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum sem byggir á grunni aðgerðar-áætlunarinnar *Gott að eldast*. Slík samþætting felur í sér að rekstur þjónustunnar sé veitt af einum aðila, hvort sem um er að ræða stjórn á mannafla eða fjármálum. Þann 20. júlí sl. samþykkti bæjarráð Mosfellsbæjar að heimila velferðarsviði Mosfellsbæjar að sækja um í tilraunaverkefninu Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum

Í Mosfellsbæ er heimahjúkrun veitt af þremur aðilum; Eir sinnir heimahjúkrun til einstaklinga sem búa í öryggisíbúðum að Eirhömrum og veitir þangað samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun; Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sinnir heimahjúkrun utan Eirhamra á dagvinnutíma og að síðustu sinnir velferðarsvið Reykjavíkurborgar heimahjúkrun í Mosfellsbæ utan dagvinnutíma.

Fulltrúar Mosfellsbæjar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Eirar hafa nú þegar hist og rætt möguleika á því að sækja um í tilraunaverkefninu Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum. Til þess að af því mætti verða er ljóst að einnig þarf að koma til samþykkis frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar að heimahjúkrun utan dagvinnutíma yrði hluti af tilraunaverkefni á forræði Mosfellsbæjar.

Að auki hefði Mosfellsbær viljað skoða möguleikann á því að samþætta svæði Kjalarness inn í tilraunaverkefnið, þar sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar sinnir nú bæði heimaþjónustu og heimahjúkrun.

Þann 6. júlí sendi sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar óformlega fyrirspurn til sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þar sem óskað var eftir afstöðu til þess að heimahjúkrun utan dagvinnutíma í Mosfellsbæ myndi verða hluti af tilraunaverkefni Mosfellsbæjar. Einnig var óskað eftir afstöðu til þess hvort velferðarsvið telji fýsilegt að heimaþjónusta og heimahjúkrun á Kjalarnesi yrði hluti af tilraunaverkefni Mosfellsbæjar. Svar barst samdægurs frá Rannveigu Einarsdóttur þess efnis að velferðarsvið tæki jákvætt í fyrirspurnina og hvatti til þess að formlegt erindi yrði sent þess efnis.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps hefur samþykkt að sækja um í tilraunaverkefninu.

Er því hér með farið á leit við borgarstjóra að Reykjavíkurborg samþykki að fyrrnefnd þjónusta velferðarsviðs Reykjavíkurborgar flytjist inn í tilraunaverkefni Mosfellsbæjar. Áætlað er að með umsókn Mosfellsbæjar um samþætta heimaþjónustu verði Eir



framkvæmdaraðili þjónustunnar og þyrfti því að fara fram samtal milli aðilanna um þann kostnað við þjónustuna sem nú fellur til vegna notenda Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,

  
Ragna Asvaldsson  
bæjarstjóri







## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarstjóri

**Sendandi:** Velferðarsvið

---

### ***Bréf bæjarstjóra Mosfellsbæjar er varðar samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk***

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar frá 5. september, þar sem óskað er eftir umsögn um bréf bæjarstjóra Mosfellsbæjar frá 16. ágúst, er varðar samstarf félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við sveitarfélögin um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimhúsum sem byggir á grunni aðgerðaráætlunarinnar Gott að eldast.

Í bréfi bæjarstjóra er óskað eftir að Reykjavíkurborg samþykki að heimahjúkrun utan dagvinnutíma í Mosfellsbæ auk heimaþjónustu og heimahjúkrunar á Kjalarnesi, verði hluti af tilraunaverkefninu „Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum“ á forræði Mosfellsbæjar.

Reykjavíkurborg sinnir í dag eftirtalinni þjónustu sem tilgreind er í bréfi bæjarstjóra:

1. Heimahjúkrun í Kjósarhreppi
2. Kvöld-, nætur- og helgarþjónustu heimahjúkrunar í Mosfellsbæ
3. Samþættri heimaþjónustu á Kjalarnesi

Undirrituð telur ekkert því til fyrirstöðu að samið verði um þessi verkefni við Mosfellsbæ og framkvæmdaaðilann Eir sem borgin á í mjög góðu samstarfi við um ýmis verkefni.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir  
Sviðsstjóri



Regína Ásvaldsdóttir  
Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

***Svar við beiðni Mosfellsbæjar vegna heimahjúkrunar og heimaþjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar***

Vísað er til bréfs bæjarstjóra Mosfellsbæjar, dags. 16. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir að Reykjavíkurborg samþykki að heimahjúkrun utan dagvinnutíma í Mosfellsbæ auk heimaþjónustu og heimahjúkrunar á Kjalarnesi, verði hluti af tilraunaverkefninu „Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum“ á forræði Mosfellsbæjar.

Reykjavíkurborg tekur jákvætt í erindið og samþykkir að fara í samningaviðræður við Mosfellsbæ og Eir, sem mun verða framkvæmdaraðili þjónustunnar, varðandi þann kostnað við þjónustuna sem falla mun til vegna notenda Reykjavíkur.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri